

ans Gunnar Ólafsson & Co. á að vera sýkn af kröfum stefndu, firmans Nathan & Olsen í máli þessu.

Málskostnaður fyrir undirrétti fellur niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndu áfrýjanda með 50 kr., er lúkest áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 5. marz 1917.

Nr. 4/1917:

Réttvisin

gegn

Kjartani Sveinssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt að fengnar verði ítarlegri skýrslur um ýms atriði þess.

I. Það verður að fá ítarlega skýrslu Magnúsar Jóhannssonar fyrir rétti um öll atriði kæru hans, dags. 11. nóv. 1914, er gaf tilefni til sakamálsins, þar á meðal nákvæma umsögn hans um það, hvort koffortið, sem peningunum var stolið úr, var læst, og hvernig læsingin var, góð eða léleg. Verður að láta Magnús staðfesta skýrslu sína með eiði.

- II. Það verður að fá ítarlega skýrslu ákærða sjálfs um æfiferil hans frá upphafi, hvar hann hafi alist upp, hvaða uppfræðslu hann hafi öðlast, hvar hann hafi dvalið, hvort hann nokkru sinni áður hafi verið sakaður um lögbrot og sérhvað annað, er þýðingu hefir í þessu efni.
- III. Það verður að fá skýrslu fyrir rétti um það, hvort ákærði hafi verið drykkfeldur og hver áhrif vín þá hafi haft á hann, og sérstaklega verður að fá ítarlegar skýrslur allra þeirra, er um það geta borið, um það, hversu drukkinn ákærði var, er hann framdi glæpinn, eða um það leyti, hvað hann hafi drukkið og hvað mikið, og verður einnig enn að prófa ákærða sjálfan ítarlega um þetta, svo að hægt verði að dæma um hvaða áhrif drykkjuskapur ákærða hafi haft á sakhæfi hans.
- IV. Þá verður að fá enn ítarlegri framburð ákærða fyrir rétti um það, hvernig hann hafi farið í koffortið, hvort það hafi verið læst eða ólæst, hvernig læsingin hafi verið, hvaða lykil hann hafi brúkað, hafi það verið læst, og hvort hann þá hafi skilið við koffortið læst eða ólæst.
- V. Þá verður að taka fyrir rétti skýrslu Axels Helgasonar, er fann hina stolnu peningabuddu og nokkuð af hinum stolnu peningum, þar sem ákærði hafði fólgið þýfið, svo og skýrslu Hafsteins Sigurðssonar, er var með Axel, þá er þeir hirtu budduna og peningana, um þetta atriði og annað það, er þeir kunna að geta borið málinu til skýringar.

VI. Þá verður og að útvega þær aðrar skýrslur, sem prófin um ofangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

Fyrir því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að útvega framaneft-
ar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 5. marz 1917.

Nr. 5/1917.

Réttvísín

gegn

Páli Benediktssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á þetta mál, er nauðsynlegt að fengnar verði ítarlegri skýrslur fyrir rétti um ýms atriði þess. Það verður að útvega:

- I. Skýrslu kærands Jóhanns Jósefssonar um öll aðalatriði kæru hans, þar á meðal um kind þá, er hann tapaði frá Sviðningi og ekki hefir komið fram, svo og aðrar skýrslur er fáanlegar kunna að vera, um hvarf kindar þessarar og hvort ákærði sé við það riðinn.
- II. Ítarlega skýrslu ákærða um það, hvort hann hafi tekið kind Jóhanns Jósefssonar, þá er hann kastaði eign sinni á, úr fjárrekstrinum,